

## *Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum*

**Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 9. október 2007, kl 17:15.**

Mætt: Elliði Vignisson, Gunnar Friðfinnsson, Þorsteinn Finnbogason, Andrea Atladóttir, Sveinn Magnússon, Haraldur Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

### **1. Skólastarfið og það helsta framundan.**

Skólameistari fór yfir það helsta frá síðasta fundi. Bæta þurfti við kennara í hlutastöðu frá 15. sept vegna starfsbrautarnemanda sem flutti sig til okkar frá FSU. Kristín Óskarsdóttir þroskaþjálfari var ráðin í 9 kennslustundir/viku. Fjárveitinganefnd heimsótti skólann 11. sept og sama dag var vel sóttur kynningarfundur fyrir 1. árs nema og foreldra þeirra. Tölvur á tölvustofu (20 stk) voru endurnýjaðar 21. september og þær tölvur sem fyrir voru (4 ára gamlar) voru færðar á bókasafn. Danskur kennari heimsótti skólann og fékk að fylgjast með kennslu í stærðfræði og náttúrufræði í tvo daga. Bæði VÍS og Sjóvá voru með námskeið um umferðaröryggismál, Vís fyrir 1. árið og Sjóvá fyrir lengra komna. Nýir samningar náðust um FS netið og munu þeir lækka kostnað skólans af netsambandinu við umheiminn verulega, líklega um 50 %. Fundur var einnig haldinn með hjúkrunarforstjóra HSV um samvinnu vegna sjúkraliðanáms. Framundan er svo miðannarmat sem allir nemendur fá, en það innifelur stöðuna í hverri grein. Matið er sent heim til foreldra þeirra sem ekki eru orðin 18 ára. Lagðar verða viðamiklar kannanir fyrir nemendur (Ranns. og greining) og kennara (HAK ofl). Samstarfsnefnd framhaldsskólastigsins hittist 8.-9. nóvember.

### **2. Sjálfsmatsúttekt, niðurstöður.**

Lagðar voru fram niðurstöður úr úttekt sem MRN lét gera sl vor, á sjálfsmatsaðferðum skólans. Herslumun vantar á að ná öllum viðmiðunum ráðuneytisins, en matsaðilar telja að skólinn muni uppfylla allar kröfur innan skamms tíma, enda vilji til þess innan skólans. Sjálfsmatsskýrslur síðustu tveggja ára eru á heimasíðu skólans.

### **4. Fjárhagsstaða og horfur.**

Skólameistari lagði fram yfirlit um fjárhag skólans og spá um afkomu ársins. Í heild er fjárhagur í jafnvægi, dagvinna lítillega undir áætlun en yfirvinna er farin framúr. Fjárlög ársins 2007 gera ráð fyrir útgjöldum uppá 164,9 milljónir og er miðað við 221 ársnemanda, en fjárlagafrumvarpið 2008 gerir ráð fyrir 170,3 milljónum (220 ársnem).

### **5. Önnur mál.**

Elliði kynnti tillögur sem Vestmannaeyjabær og sveitarfélögin frá Hvolsvelli austur fyrir Klaustri senda sameiginlega til fjárlaganefndar um að fá 24 milljónir til að efla samstarf FÍV við þessi sveitarfélög. Fundarmenn ræddu einnig námsframboð skólans og möguleika á því sviði, meðal annars það sem tengist stafrænni framleiðslutækni (FabLab verkefnið) og hvort rétt væri að fá aðstoð ráðgjafa til að fara yfir sviðið með starfsmönnum skólans. Skólameistari tók að sér að afla upplýsinga um það nám sem í gangi er í frumgreinadeildinni á Keflavíkurflugvelli. Haraldur fór yfir blómlegt starf nemendafélagsins og spurði hvort ekki mætti auka við bílastæði og fjölga akstursleiðum að skólanum. Einnig nefndi hann það helsta sem á döfinni er hjá nemendum.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 13. nóvember kl 17:15

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:50  
Ólafur H. Sigurjónsson.